

## Fundargerð safnráðs Listasafnsins á Akureyri

### 28. fundur.

Miðvikudaginn 13. október 2021, kl. 13:00 í Listasafninu.

Mætt: Aðalsteinn Þórsson, Hilda Jana Gísladóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir, Haraldur Ingi Haraldsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna og Hlynur Hallsson, safnstjóri.

1. **Staða mála, framkvæmdir og viðburðir framundan.** A! Gjörningahátíð nýafstaðin og tókst afar vel. Framkvæmdir hafnar í Ketilhúsinu þar sem ljósakerfi verður endurnýjað. Margir viðburðir framundan, smíðjur, stuttir tónleikar og fjölskylduleiðsagnir. Sjö sýningar í gangi í safninu.
2. **Dagskrá ársins 2022 og drög að dagskrá 2023.** Farið yfir sýningadagskrá ársins 2022. Farið yfir drög að sýningaráætlun fyrir árið 2023 sem verður 30 ára afmælisár Listasafnsins.
3. **Erindi frá Írisi Ólöfu Sigurjónsdóttur um gjöf á verki eftir hana.** Samþykkt að þiggja verkið og safnráð þakkar kærlega fyrir gjöfina.
4. **Erindi frá Halldóru Arnardóttur um ósk um að hefja formlegar viðræður um arfleið Arnar Inga Gíslasonar.** Listasafnsráð þakkar kærlega fyrir erindið en getur því miður ekki orðið við því sökum takmarkaðs rýmis og fjármuna til varðveislu og viðhalds listaverka. Listasafnsráð fagnar því ef listasöfnum í landinu verða boðin verk eftir Örn Inga Gíslason og Listasafnið á Akureyri gæti tekið við 3 - 5 verkum eftir listamanninn.

Ákveðið að næsti fundur safnráðs verði miðvikudaginn 12. janúar 2022 kl. 11.

Fundi slitið kl. 14:15